Sólvangur, Tjörnesi. 28. Október 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Stjórn Félags Sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu vísar til ofangreindra reglugerðadraga sem birt voru á samráðsgátt 24. september 2021.

Stjórn Sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýlu telur margt ábótavant í drögunum. Ekki er tekið tillit til þess að fé hefur fækkað um rúmlega helming síðan 1980 og ekki er útlit fyrir annað en um áframhaldandi fækkun verði að ræða ef tekið er mið af sláturtölum sem liggja fyrir vegna haustsins 2021 og meðalaldurs sauðfjárbænda. Þá hefur beitartími á afrétt verið styttur smám saman síðustu áratugina og líklegra en ekki að hann verði styttur enn frekar á komandi árum. Vetrarbeit er fyrir löngu aflögð.

Mikið er rætt um vistgetu í drögunum. Þetta er orð sem fáir hafa áður heyrt eða séð og ekki skýrt hvað nákvæmlega þýðir. Þó virðist vera tilfellið að vistgeta merki hámarks getu lands til að gefa af sér. Ljóst er að mjög fáir staðir á landinu eru þess eðlis að ekki gæti þar verið meiri gróður. Undantekningar eru skóglendi sem þekja rúmlega eitt prósent landsins. Drögin yrðu því óbreytt ákvörðun um að hætta beit búfjár nema á ræktuðu landi og í þeim skógarreitum sem beit er leyfð. Vissulega er gert ráð fyrir kortlagningu á vistgetu lands en þar sem engin kortagrunnur yfir vistgetu er til staðar er ekki mögulegt að sjá fyrir full áhrif reglugerðarinnar í óbreyttri mynd. Stjórn Félags Sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu leggur að framangreindu til að kafli um beitarnýtingu verði endurskoðaður.

Kaflinn um sjálfbæra jarðrækt er skrifaður af mikilli vanþekkingu á landbúnaðarháttum á Íslandi, sérstaklega þegar kemur að dreifingu búfjáráburðar. Afar stór hluti þess ræktaðs lands sem nýttur er hér í sýslunni yrði úr leik með óbreyttum drögum og sumar jarðir hreinlega óræktanlegar. Stjórn Félags Sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu leggur því til heildarendurskðun á kaflanum um sjálfbæra jarðrækt.